


Flugstöðir
Akureyrarflugvelli
600 Akureyri



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 3. desember 2007

Tilvísun: UST20071100122/ksj

Tilkynning um matskyldu framkvæmda vegna lengingar flugbrautar, gerð öryggissvæða og gerð flughlaðs við Akureyrarflugvöll

Umhverfisstofnun bárust þann 21. nóvember síðastliðinn samtímis erindi frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar, annars vegar um hvort lenging flugbrautar, gerð öryggissvæða og gerð flughlaðs og hins vegar um gerð endaöryggissvæðiðs við norðurenda flugvallarins séu matskyldar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun telur almennt að fjalla skuli sameiginlega um framkvæmdir sem tengjast svo hægt sé að meta heildar áhrif þeirra. Í ljósi þessa óskar stofnunin eftir skýringum á hvers vegna fyrirhugaðar framkvæmdir við Akureyrarflugvöll eru tilkynntar sem tvær sjálfstæðar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að heildarstærðir þeirra svæða er raskast séu gefnar upp með fláum inniföldum, en ekki aðeins lengdir og breiddir hvers áfanga án fláa. Umhverfisstofnun óskar hér með eftir upplýsingum um þær heildarstærðir. Einnig biður stofnunin um upplýsingar um hvort ástæða sé til að ætla að land kringum jarðvegsskiptu svæðin muni þorna upp og hvort og hvaða áhrif uppmokstur á þau svæði myndi hafa.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun